

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Samningur Reykjavíkurborgar og Útlendingastofnunar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg gert samning við Útlendingastofnun um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Samningurinn er gerður til eins árs í senn. Samkvæmt samningi fyrir árið 2018 samþykkti Reykjavíkurborg að veita allt að 200 umsækjendum um alþjóðlega vernd þjónustu. Samkvæmt meðfylgjandi samningsdrögum mun Reykjavíkurborg veita 220 umsækjendum um alþjóðlega vernd þjónustu árið 2019.

Þjónusta samkvæmt samningnum felst í að útvega umsækjendum um alþjóðlega vernd húsnæði, fæðis- og framfærslueyri og skólavist fyrir börn ásamt ýmissi annarri þjónustu á meðan umsókn þeirra um alþjóðlega vernd er til meðferðar hjá stjórnvöldum. Önnur þjónusta er t.d. aðstoð vegna heilbrigðistengdrar þjónustu, túlkþjónusta, ráðgjöf, samgöngukort o.fl. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða annast framkvæmd samningsins fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Mælst er til að velferðarráð samþykki samningsdrögin sem verða í kjölfarið lögð fyrir borgarráð til samþykktar.